

SKÝRSLA ENDURSKOÐUNARNEFNDAR NOVA STARFSÁRIÐ 2025-2026

Umboð og tilgangur:

Stjórn skipar endurskoðunarnefnd í samræmi við kafla IX. A. í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd annast eftirlit með reikningsskilum Nova klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, gerð ársreikninga, áhættustýringu og öryggismálum, og er þannig stjórn til aðstoðar og ráðgjafar til að gera störf hennar skilvirkari.

Skipan:

Á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2025 var Helgi F. Arnarson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur í endurskoðunarnefnd félagsins, sem utanaðkomandi nefndarmaður. Í kjölfar aðalfundarins skipaði stjórn svo þá Jóhannes Þorsteinsson og Jón Óttar Birgisson, stjórnarmenn, í nefndina. Helgi var svo kjörinn formaður nefndarinnar á fyrsta fundi hennar á starfsárinu.

Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar.

Regluvörður félagsins var nefndinni innan handar um skipulag vinnu hennar og ritaði fundargerðir.

Starfsreglur:

Gildandi starfsreglur nefndarinnar voru samþykktar af stjórn félagsins þann 23. september 2024. Í reglunum er nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan hennar og samsetningu, fyrirkomulag funda, starfsskyldur, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

Starfsáætlun:

Endurskoðunarnefnd starfaði eftir starfsáætlun sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 6. maí 2025. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við lög, starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki tæmandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

Helstu verkefni ársins:

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin fimm fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Nefndin fór yfir ársuppgjör og árshlutauppgjör félagsins með það að markmiði að tryggja að reikningsskil væru unnin í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla og lög. Sérstök áhersla var lögð á mat lykilforsendna, mikilvægar reikningsskilaaðferðir, matskennda liði og skýringar í ársreikningi, sem og að upplýsingagjöf væri skýr og gagnsæ.
- Nefndin rýndi skipulag og virkni innra eftirlits með fjárhagsupplýsingum, þar á meðal lykiláhættur, aðgreiningu starfa og eftirlitsaðgerðir.
- Nefndin lagði mat á óhæði ytri endurskoðenda. Ytri endurskoðendur staðfestu bæði í upphafi endurskoðunarvinnu og í lok hennar óhæði sitt, og að þeir hafi á reikningsárinu ekki unnið aðra vinnu fyrir félagið sem áhrif hafði á óhæði þeirra.
- Nefndin rýndi endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda, þar sem áherslur, umfang og áhættumat voru kynnt. Jafnframt var ráðningarbref rýnt með tilliti til ábyrgðarskiptingar, verkþátta og

tímasetninga.

- Drög að endurskoðunarskýrslu endurskoðenda voru tekin til ítarlegrar umfjöllunar að viðstöddum endurskoðendum, áður en hún var lögð fyrir stjórn. Sérstaklega var farið yfir athugasemdir, ábendingar og tillögur að úrbótum, auk þess sem metið var hvort viðbrögð stjórnenda væru fullnægjandi.
- Nefndin átti samtal við ytri endurskoðendur um framkvæmd endurskoðunar, aðgengi að upplýsingum, samvinnu við stjórnendur og önnur atriði sem tengjast gæðum og skilvirkni endurskoðunarvinnunnar.
- Jafnframt ræddi nefndin við stjórnendur um undirbúning og framkvæmd endurskoðunar, þar á meðal samskipti, verkferla og svörun við ábendingum endurskoðenda, með það að markmiði að tryggja skilvirkt og gagnkvæmt traust samstarf.
- Nefndin gerði tillögu til stjórnar um kjör endurskoðenda.
- Nefndin rýndi kostnað af endurskoðun ársins 2024.
- Nefndinni voru, tvívegis á árinu, kynntar skýrslur öryggisstjóra um netöryggi, stöðu upplýsingaöryggis og niðurstöður áhættumats. Farið var yfir helstu veikleika, viðbragðsáætlanir og forgangsörðun úrbóta.

Annað:

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af stjórn, í samræmi lög og starfsreglur nefndarinnar.

Samþykkt af endurskoðunarnefnd Nova Klúbbsins hf. 23. febrúar 2026